

## Árshlutauppgjör 1. október 2007 til 31. mars 2008

- Tap Spalar ehf eftir skatta fyrir tímabilið 1. október 2007 til 31. mars 2008 nam kr. 169 m.kr. en hagnaður á tímabilinu 1. október 2006 til 31. mars 2007 nam 89 m.kr. Tap Spalar eftir skatta á öðrum ársfjórðungi félagsins sem er 1. janúar 2008 til 31. mars 2008 nam 146 m.kr. Á sama tíma árið á undan var hagnaður félagsins 67 m.kr. Reikningsár Spalar er 1. október til 30. september ár hvert. Spölur er að fullu í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.
- Veggjald nam 397 m.kr. fyrstu 6 mánuði ársins til samanburðar við 399 m.kr. árið áður sem er 0,5% lækkun.
- Rekstrarkostnaður Spalar ehf án afskrifta fyrstu 6 mánuði ársins nam kr. 167 m.kr. og hækkar um rúm 53% frá sama tímabili árinu áður þegar hann nam 109 m.kr. Mismunurinn liggur nánast allur í gjaldfærslu á undirbúningskostnaði vegna nýrra ganga.
- Skuldir Spalar ehf aukast úr 4.405 m.kr. þann 30. september 2007 í 4.748 m.kr þann 31. mars 2008 eða um 7,79%.

### Um uppgjörið

Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar, segir að umferð og tekjur séu vel í takt við áætlanir félagsins. Framundan eru umferðarmestu mánuðir ársins sem að öllu jöfnu eru með um 60% af tekjunum. Hins vegar var jafnmikil hækkun reikningslegra gjaldfærslna vegna hækkunar lána út af vísitöluhækkunum og gengisbreytingum ekki fyrir séð.

Tímabilið frá 1. október 2007 til 31. mars 2008 er byrjun á tíunda fjárhagsári félagsins. Á þessu tímabili fóru um 840 þúsund ökutæki um göngin, sem greiddu veggjald sem er um 6,2% aukning frá sama tímabili árið áður. Þessi fjöldi samsvarar því um 4.610 ökutæki hafi farið um göngin að meðaltali dag hvern. Meðaltekjur fyrir hverja ferð um göngin fara lækkandi, bæði að nafnverði og raunvirði. Skýringin er einkum sú að fleiri viðskiptavinir nýta sér afsláttarmöguleika auk þess sem gjaldið hefur lækkað umtalsvert síðustu árin.

Nánari upplýsingar veitir Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar ehf, í síma 433 5910.

### Lykiltölur úr rekstri Spalar ehf í þúsundum króna

	Annar ársfjórðungur		Fyrri árs helmingur	
	1/1 08 - 31/3 08	1/1 07 - 31/3 07	1/10 07 - 31/3 08	1/10 06 - 31/3 07
<b>Rekstrartekjur</b>				
Veggjald .....	190.796	196.621	396.718	398.940
<b>Rekstrargjöld</b>				
Viðhald og rekstur ganga .....	77.070	35.153	108.913	56.714
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	24.398	24.005	58.186	52.173
Afskriftir .....	55.443	56.976	113.420	113.599
	156.911	116.134	280.519	222.486
<b>Rekstrarhagnaður</b>	33.885	80.487	116.199	176.455
<b>Fjármunatekjur- og (fjármagnsgjöld)</b>	-212.376	1.759	-322.795	-67.775
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	-178.491	82.245	-206.596	108.680
Tekjuskattur .....	32.128	-14.804	37.187	-19.562
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<u>-146.362</u>	<u>67.441</u>	<u>-169.409</u>	<u>89.118</u>

## Lykiltölur úr efnahagsreikningi Spalar ehf í þúsundum króna

	31/3 2008	30/9 2007
<b>Eignir samtals</b>	5.249.432	5.108.110
<b>Eigið fé</b>	501.128	702.981
<b>Skuldir samtals</b>	4.748.304	4.405.129
<b>Veltufjárhlutfall</b>	1,03	0,86
<b>Eiginfjárhlutfall</b>	9,55%	13,76%

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af EB.

### Rekstrarreikningur

Tap tímabilsins nam 169 m.kr. en á tímabilinu árið áður nam hagnaður félagsins 89 m.kr.

Rekstrarhagnaður tímabilsins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er 116 m.kr. en var árið áður fyrir sama tímabil 176 m.kr.

### Tekjur

Veggjald á tímabilinu nam 397 m.kr. samanborið við 399 m.kr. árið áður og lækkar því um 0,5%.

### Gjöld

Rekstrarkostnaður félagsins án afskrifta á tímabilinu var 167 m.kr. og hækkar um 53% frá sama tímabili ári áður þegar hann nam 109 mkr. Rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi nam 101 m.kr. og hækkaði um 42 m.kr. frá árinu áður þegar hann nam 59 m.kr. Eins og áður kom fram liggur hækkun rekstrarkostnaðar nánast eingöngu í gjaldfærslu á undirbúningskostnaði vegna nýrra ganga.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Á tímabilinu voru fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 323 m.kr og hækkar um 375% frá sama tímabili ári áður þegar þau voru 68 m.kr. Þessa hækkun má rekja til gengis- og verðbreytinga.

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Heildareignir Spalar ehf 31. mars 2008 voru 5.249 m.kr. Þann 30. september 2007 námu þær 5.108 m.kr. Eignir félagsins hafa því hækkað um 141 mkr. Má rekja þessa hækkun fyrst og fremst til hærri inneignar í banka.

#### Eigið fé og skuldir

Eigið fé Spalar er 501 m.kr. og lækkar um 202 m.kr. frá 1. október 2007.

Skuldir félagsins námu 4.748 m.kr. 31. mars 2008 og hækka þær um 343 m.kr. frá 1. október 2007. Þessi hækkun skýrist að mestu leyti af hækkun áfallinna vaxta að fjárhæð 78 m.kr. og hækkun langtímalána að fjárhæð 279 m.kr. vegna gengis- og verðbreytinga.

#### Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri var 310 m.kr. á tímabilinu 1. október 2007 til 31. mars 2008 en fyrir sama tímabil árið á undan var handbært fé frá rekstri 329 m.kr.

Handbært fé stendur í 502 m.kr. í lok mars 2008.

### Þróun rekstrar

Hér á eftir má sjá afkomu rekstrar og þróun hans á milli ársfjórðunga frá 1. janúar 2007 til 31. mars 2008.

### Ársfjórðungsyfirlit í þúsundum króna

	2. ársfj. 1/1 08 - 31/3 08	1. ársfj. 1/10 07 - 31/12 07	4. ársfj. 1/7 07 - 30/9 07	3. ársfj. 1/4 07 - 30/6 07	2. ársfj. 1/1 07 - 31/3 07
Veggjald .....	190.796	205.922	348.252	286.659	196.621
Viðhald og rekstur ganga .....	-77.070	-31.843	-36.736	-31.775	-35.153
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	-24.398	-33.788	-27.763	-23.960	-24.005
<b>Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA) .....</b>	<b>89.328</b>	<b>140.291</b>	<b>283.753</b>	<b>230.924</b>	<b>137.463</b>
Afskriftir.....	-55.443	-57.977	-57.977	-57.922	-56.976
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT) .....</b>	<b>33.885</b>	<b>82.314</b>	<b>225.776</b>	<b>173.002</b>	<b>80.487</b>
Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó .....	-212.376	-110.419	-89.094	-74.431	1.759
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta .....</b>	<b>-178.491</b>	<b>-28.106</b>	<b>136.682</b>	<b>98.571</b>	<b>82.245</b>
Tekjuskattur .....	32.128	5.059	-24.603	-17.743	-14.804
<b>Hagnaður (tap) ársfjórðungs .....</b>	<b>-146.362</b>	<b>-23.047</b>	<b>112.079</b>	<b>80.828</b>	<b>67.441</b>

### Rekstrarhorfur og framtíðarsýn

Horfur í rekstri Spalar ehf fyrir árið 1. október 2007 til 30. september 2008 eru þökkalegar. Ljóst er að umferðaraukning milli rekstrarára verður umtalsvert minni en síðustu ár eins og nú horfir.

### Könnun

Árshlutauppgjörið hefur verið kannað af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers. Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf hafa í dag samþykkt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. október 2007 til 31. mars 2008.